

Héraðsdómur Norðurlands eystra

Dómur 24. febrúar 2025

Mál nr. S-380/2024:

Ákærvaldið

(Vilhjálmur Reyur Þórhallsson aðstoðarsaksóknari)

gegn

X

(Friðrik Smáráson lögmaður)

(Áslaug Lára Lárusdóttir réttargæslumaður bótakrefjanda)

Dómur

Mál þetta, sem var dómtekið 27. janúar s.l., var höfðað með ákæru Héraðssaksóknara, dagsettri 12. september 2024, á hendur X, [...], [...], Akureyri,

„fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás, brot í nánu sambandi og brot gegn barnaverndarlögum, með því að hafa þriðjudaginn 27. september 2022, á þáverandi heimili sínu að [...], Akureyri, fengið óþekkta konu til þess skera forhúð af getnaðarlim ólögráða sonar síns A, kt. [...]. Voru afleiðingarnar af háttseminni þær að leitað var með A á sjúkrahúsið á Akureyri þann 27. september 2022 þar sem hann dvaldist í tvo daga eftir að hann hafði þurft að gangast undir svæfingu og í kjölfarið skurðaðgerð en með þessari háttsemi ógnaði ákærða lífi og velferð A á sérstaklega sársaukafullan og meiðandi hátt.

Telst framangreind háttsemi varða við 2. mgr. 218. gr. og 1., sbr. 2. mgr. 218. gr. b. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 98. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Þess er krafist að ákærða verði dæmd til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkrafa:

Fyrir hönd A, kt. [...], er þess krafist að ákærðu verði gert að greiða honum miskabætur að fjárhæð kr. 4.000.000,- auk vaxta skv. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, sbr. 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, frá 27. september 2022, en með dráttarvöxtum skv. 9. gr. vaxtalaga, sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi er mánuður er liðinn frá því að bótakrafa þessi er birt til greiðsludags. Einnig er þess krafist að kærða verði gert að greiða málskostnað að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum virðisaukaskatti á málflutnings-þóknun“

Ákærða krefst aðallega sýknu af refsikröfu ákærvalds, en til vara vægustu refsingar sem lög leyfa. Hún krefst þess að bótakröfu verði vísað frá dómi, til vara sýknu af bótakröfu en til

þrautavara að hún verði lækkuð verulega. Þá er krafist hæfilegra málsvarnarlauna til handa verjanda ákærðu og að sakarkostnaður verði felldur á ríkissjóð að öllu leyti eða hluta.

Upphaf lögreglurannsóknar og rannsóknaraðgerðir

Frumrannsókn lögreglu

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu barst henni tilkynning þriðjudaginn 27. september 2022 kl. 14:06 frá forstöðuhjúkrunarfræðingi á bráðamóttöku Sjúkrahússins á Akureyri (SAk), um að þar væri stödd B, félagsráðgjafi hjá barnverndarþjónustu Eyjafjarðar. Hún hefði komið á bráðadeild með [...] dreng, sem hafi verið umskorinn um morguninn í heimahúsi og síðan orðið vart blæðingar.

Lögreglumaður fór þegar á bráðamóttöku SAk og aflaði upplýsinga um málsatvik. Hann hitti þar fyrir, B og ákærðu, móður brotþola. B hafði tekið við tilkynningu um morguninn frá leikskólanum C þess efnis að brotþoli hefði ekki komið í leikskólann þennan dag, þar sem hann væri að fara í umskurð og yrði hann fjarverandi af þeim sökum næstu fjórtán daga. Eldri sonur ákærðu, D, kom hins vegar í leikskólann þennan morgun.

B hafði í fyrstu samband við SAk og Læknastofur Akureyrar til að kanna hvort brotþoli væri þar til meðferðar eða ætti pantaðan tíma vegna umskurðar. Svo reyndist ekki vera. Um klukkan 10:15 fór hún að [...], Akureyri og hitti ákærðu þar fyrir, auk brotþola. Í ljós kom að umskurði brotþola var lokið þegar B kom á staðinn og hafi aðgerðin farið fram stuttu áður í stofu íbúðarinnar að [...]. Ákærða kvað erlenda konu hafa framkvæmt aðgerðina. Ákærða framvísaði nafnspjaldi þar sem fram kom meðal annars E, from [...] specialist in circumcision (wanzam), auk þriggja símanúmera, tvö ítölsk og eitt þýskt. Einnig kemur fram á nafnspjaldinu áletrunin [...] Health Service Trainee, ásamt netfangi og tilvísun til hreinlætis (our's is a cut under hygienic condition). B fór til starfsstöðvar sinnar eftir að hafa tekið ljósmyndir á vettvangi. Fór síðan aftur að [...] um klukkan 11:30. Að frumkvæði B og með samþykki ákærðu um var ákveðið að brotþoli færi á bráðamóttöku SAk vegna blæðingar um klukkan 12:30.

Samkvæmt upplýsingum sem lögreglan aflaði í upphafi rannsóknarinnar mun kona sem framkvæmdi aðgerðina að [...], Akureyri, hafa komið gagngert frá Ítalíu í þessu skyni. Hún mun hafa komið til landsins með flugi 26. september 2022 og farið til baka með flugi til Feneyja á Ítalíu daginn eftir aðgerðina, miðvikudaginn 28. september 2022. Nafn konunnar mun vera F, samkvæmt bókunum hjá flugfélaginu Lufthansa. Lögreglan aflaði úrskurðar héraðsdóms til að kanna notkun þeirra þriggja símanúmera sem fram koma á fyrrgreindu nafnspjaldi. Ekkert kom fram við þá rannsókn, sem varpaði ljósi á viðkomandi konu með beinum hætti, en eitt símanúmerið hafði verið notað á umráðasvæði íslenskra símafyrirtækja tímabilinu 26. september til 28. september 2022. Í upphafi rannsóknar útbjó lögreglan verkbeiðni til ítalskra yfirvalda með milligöngu Alþjóðadeildar ríkislögreglustjóra, þar sem óskað var eftir upplýsingum um fyrrgreinda F. Enginn svör bárust hins vegar frá Ítalíu við rannsókn málsins, þrátt fyrir ítrekanir.

Lögreglan innsiglaði íbúð ákærðu að [...], Akureyri, að kvöldi 27. september 2022. Daginn eftir heimilaði ákærða lögreglunni að gera þar húsleit, sem fram fór þann dag að viðstöddum tilnefndum verjanda ákærðu. Ellefu ljósmyndir, sem teknar voru á vettvangi við húsleitina, liggja fyrir í málinu, en engin húsleitarskýrsla.

Skrifleg læknisfræðileg gögn um brotþola

Við rannsókn málsins aflaði lögregla einnig neðangreindra skriflegra gagna um læknismeðferð á brotþola á SAK:

- 1) Komunótu handlæknissviðs, dags. 28. september 2022, gerð af G, skurðlækni
- 2) Meðferðarseðils hjúkrunar á bráðamóttöku, dags. 27. september 2022, gerð af H, hjúkrunarfræðingi
- 3) Sjúkraskrár almennra barnalækninga, dags. 27. september 2022, gerð af I, barnalækni
- 4) Aðgerðarlýsingu handlæknissviðs, dags. 27. september 2022, gerð af J, sérfræðingur í þvagfæraskurðlækningum
- 5) Áverkavottorðs, dags. 4. apríl 2024 gert af K, sérfræðingi í skurðlækningum.

Samkvæmt framangreindri komunótu var brotþoli skoðaður um kl. 14:30 af G, skurðlækni, J, þvagfæraskurðlækni, og I, barnalækni. Var þá ákveðið að draga saman sár á limi brotþola með þráðum í svæfingu á skurðstofu. Það var hins vegar K, skurðlæknir, sem gerði aðgerð á brotþola, ásamt J, þvagfæraskurðlækni, samkvæmt fyrrgreindri aðgerðarlýsingu og áverkavottorði. Aðgerðin var gerð eftir svæfingu og deyfingu. Brennt var fyrir lítilháttar blæðingar úr sárinu og það hreinsað, m.a. fjarlægður saumur af óþekktri gerð. Ytra blað forhúðarinnar var saumað upp að kóngnum. Að litlum hluta voru til staðar leifar af innra blaði forhúðar og var það saumað við ytra blað, en annars staðar var dregið að skaftinu eins og hægt var. Þvagrás brotþola reyndist heil. Settur var upp þvagleggur til að leiða fram hjá sárasvæðinu til að byrja með. Eftir aðgerðina var ákveðið að brotþoli yrði að minnsta kosti eina nótt á sjúkrahúsinu. Daginn eftir leit allt vel út, en honum var leyft að vera eina nótt til viðbótar. Ákveðið var að útskrifa brotþola tveimur dögum eftir aðgerð, enda leit allt vel út hjá honum.

Skýrslugjöf hjá lögreglu

Ákærða gaf skýrslu hjá lögreglu þann 21. september 2023. Hún er með [...] ríkisfang. Hún kvaðst hafa þegar hún varð ófrísk af brotþola farið að huga að hvernig best væri að framkvæma umskurð á honum. Hún lét umskera eldri son sinn á Almeria á Spáni nokkru áður. Þegar kom að umskera brotþola hafi hún ekki verið með gilt vegabréf og því ekki verið mögulegt að fara erlendis í því skyni, enda erfitt að fara langan veg með fjölskylduna. Hún hafi haft samband við vinkonu sína á Ítalíu, sem benti henni á konu sem ræki stöð til að sinna umskurðaraðgerðum. Vinkona hennar hafi síðan sent henni nafnspjald konunnar. Eftir fæðingu brotþola hafi hún haft samband við konuna. Hún kvaðst vera með starfsreynslu frá [...] á þessu sviði. Ákærða áleit að hún væri frá [...]. Konan kvaðst reiðubúin að koma til

Íslands. Það varð úr og kom hún til Akureyrar daginn fyrir aðgerðina og gisti hjá ákærðu eina nótt.

Ákærða kvað aðgerðina hafa farið fram í stofunni heim hjá henni. Hún kveðst hafa gefið brotaþola 125 mg. endaparmsstíl fyrir aðgerðina, en ekki önnur lyf. Hún kveðst ekki vita hvort konan hafi gefið honum einhver lyf. Ákærða kvaðst ekki viljað horfa á aðgerðina, en séð að brotaþoli hafi legið á gólfinu í stofunni, þar sem aðgerðin fór fram. Hún hafi treyst konunni til að framkvæma aðgerðina. Brotaþoli hafi verið vakandi meðan aðgerðin fór fram og hafi hann grátið allan tímann. Aðgerðin hafi tekið tæpar tíu mínútur, en að henni lokinni hafi konan sett bómull og sárabindi á lim brotaþola, eftir að hafa borið á skurðsvæðið Povidona og Mercurocomo. Konan hafi verið með bláa einnota hanska og klæðst slopp með hettu á meðan aðgerðinni stóð.

Að lokinni aðgerð hafi konan farið með Strætó til Reykjavíkur. Ákærða kveðst hafa greitt henni 300 evrur í reiðufé fyrir verkið og 20.000 krónur í ferðakostnað.

Ákærða kvaðst ekki hafa rætt aðgerðina við L, barnsföður hennar, þar sem hann hafi verið erlendis á þessum tíma. Ákærða kvaðst hafa látið vita á leikskólanum að umskurður væri í undirbúningi á brotaþola, þegar hún fór með eldri son sinn til vistunar morguninn sem aðgerðin fór fram.

Ákærða kvaðst hafa rætt við ljósmóður um umskurðsaðgerðir og komist að því að slíkar aðgerðir væri ekki framkvæmdar á Íslandi. Hún sagðist ekki þekkja íslensk lög og baðst afsökunar á því ef lög hefðu verið brotin. Henni fannst vera pressa á sér þegar konan var komin til Íslands og kvaðst hafa verið örlítið hrædd við hana.

Ákærða kvað heilsu brotaþola vera góða þegar skýrslan var tekin.

L, kt. [...], með [...] ríkisfang, gaf skýrslu hjá lögreglu 20. september 2023 og hafði þá réttarstöðu sakbornings. Hann er faðir brotaþola. Hann kvaðst hafa verið í útlöndum þegar umskurður brotaþola fór fram. Hann kvað lögregluna hafa hringt í sig þennan dag og tilkynnt það sem gerst hafði. Hann sagðist ekki hafa vitað af aðgerðinni. Hann kvaðst hafa flogið til Íslands daginn eftir. Á þessum tíma hafi hann og ákærða ekki búið saman, en eftir komuna til Íslands hafi hann tekið íbúð á leigu fyrir fjölskylduna.

Skýrslugjafi kvað það vera trú í fjölskyldu sinni að drengir sem ekki væri umskornir fyrir tíu ára aldur myndu deyja. Hann skýrði frá því að eldri sonur hans og ákærðu hafi verið umskorinn á Spáni, þar sem enginn hafi getað framkvæmt þá aðgerð á Íslandi.

Skýrslugjafi kvað ákærðu nýkoma til Íslands og hafi ekki þekkt til laga og reglna hér á landi. Hún hafi verið hrædd um að missa brotaþola og þess vegna farið þessa leið.

Skýrslugjafi kvað brotaþola líða vel þegar skýrslan var tekin.

Framburður ákærða og vitna fyrir dómi

Ákærða kvaðst hafa komið til Íslands í febrúar 2020, þá ólétt af eldri syni sínum. Við mæðraeftirlit kvaðst hún hafa spurt ljósmóður hvort hún gæti fengið umskurð fyrir son sinn. Ljósmóðirin hafi benti henni á spítalann. Fæðingalæknirinn hafi sagt að umskurður væri ekki gerður á spítalanum og hún kvaðst hafa skilið það þannig að það væri ekki gert á þessum spítala, þar sem enginn sérfræðingur væri til staðar á þessu sviði. Eftir fæðinguna kvaðst hún hafa spurt ljósmóður hvort möguleiki væri á umskurði en hún hafi svarað neitandi og sagt að sumir færu til útlanda í þessum erindagerðum. Ákærða kvað að eldri sonur sinn hafi verið umskorinn í Almería á Spáni á spítala hjá sérfræðingi á meðan hún hafði gild ferðagögn. Hún kvaðst ekki hafa viljað fara þangað aftur, þar sem ferðalagið þangað væri erfitt. Ákærða kvaðst þá hafa hringt í vinkonu sína á Ítalíu til að leita ráða um umskurð. Vinkonan hafi sent henni nafnspjald konu sem hún kannaðist við, hafði hitt hana í lest. Ákærða kvaðst hafa hringt í þessa konu, sem kvaðst hafa starfsreynslu á þessu sviði á Ítalíu og Þýskalandi. Ákærða kvaðst þá hafa sent tölvupóst til innflytjendayfirvalda og beðið um leyfi að fá að ferðast til útlanda. Eftir sex mánuði hafi komið svar. Þá hafi vegabréfsáritun hennar verið runnin út, synir hennar komnir með leikskólaláss og hún ekki viljað taka þá úr leikskólanum. Ákærða kvaðst hafa hringt í konuna á Ítalíu og skýrt henni frá því að hún gæti ekki komið þangað. Konan sagðist einnig vinna á Íslandi, það fannst ákærðu hljóma vel. Ákveðið var að konan kæmi til Íslands til að vinna verkið fyrir umsamið verð, 300 evrur. Konan hafi bókaði flug sem var síðan aflýst. Hún hafi óvænt hringt í ákærðu og sagst vera komin til Íslands. Ákærða kvaðst hafa reiknað með að umskurðurinn færi fram í Reykjavík. Konan hafi þá boðist til að koma til Akureyrar, af því ákærða væri með tvö lítil börn. Konan vildi að ákærða borgaði flugið fyrir hana.

Konan hafi komið seint daginn fyrir umskurðinn og gist hjá ákærðu um nóttina. Þegar ákærða hafi sótt börnin sín á leikskólann daginn fyrir umskurðinn hafi hún skýrt frá því að brotþoli kæmi ekki daginn eftir vegna umskurðar. Ákærða kvað umskurðinn hafi farið fram á stofugólfinu eftir þrif og sótthreinsun með spritti og hafi hún breitt hvítt handklæði á gólfid og konan hafi framkvæmt umskurðinn þar. Ákærða telur að brotþoli hafi ekki verið deyfður fyrir aðgerðina. Ekkert blóð hafi verið í hvíta handklæðinu eftir aðgerðina, sem tók 5-10 mínútur. Ákærða kvaðst hafa verið inni í stofunni ef eitthvað hefði komið upp á meðan aðgerðinni, en hafi jafnframt sinnti eldri syni sínum í öðru herbergi. Hún kvaðst ekki hafa séð aðgerðina. Hún kvaðst ekki hafa haft neitt um það að segja hvernig aðgerðin fór fram og ekki tekið neinar ákvarðanir um lyfjagjöf. Konan hafi látið ákærðu hafa joð til sótthreinsunar og ráðlagt að brotþola yrði gefið verkjalyf á 5-6 klukkustunda fresti. Eftir umskurðinn hafi fulltrúar frá barnaverndaryfirvöldum komið heimili sitt. Þeir hafi kannað aðstæður og spurt um konuna sem framkvæmdi umskurðinn. Ákærða hafi afhent þeim nafnspjald hennar og hafi tjáð þeim að hún væri sérfræðingur. Þá hafi fulltrúi barnaverndaryfirvalda lagt til til að brotþoli færi upp á spítala til skoðunar til að tryggja að allt væri í lagi. Ákærða kveðst hafa samþykkt það og farið með þeim. Ekki hafi blætt úr brotþola við komuna á sjúkrahúsið. Eftir skoðun hafi verkjalyfin smá saman hætt að virka á brotþola, hann orðið verkjaður og farið að gráta.

Ákærða kveðst hafa látið umskera brotþola, son sinn, í góðri trú til að hann gæti lifað góðu lífi. Hún kvaðst vera kristin. Það væri hefð hjá hennar fólki og manningum hennar að láta umskera drengi. Hún kvaðst ekki hafa vitað að þetta væri brot á íslenskum lögum, taldi að hún væri ekki að gera neitt rangt. Hún kveðst hafa umskorið brotþola vegna hefðar og trúar. Hún kvaðst vera móðir og hafa verið áhyggjufull vildi ekki taka neina áhættu varðandi drenginn, þar sem hefðin hjá manningum hennar sé sú að láta umskera. Hún vildi ekki að þetta yrði of seint. Ákærða kveðst ekki hafa rætt tímasetningu umskurðarins við manninn sinn, hann hafi verið útlöndum á þessum tíma, en hún hafi gert það í byrjun þegar áætlað var að láta gera umskurðinn í útlöndum. Ákærða kvaðst ekki hafa rætt það við manninn sinn hvenær þyrfti í síðasta lagi að vera búíð að umskera brotþola, en það hafi verið nauðsynlegt.

Ákærða kvað brotþola hafa það gott núna. Hún á þrjú börn, tvo stráka og eina stúlku sem öll eru fædd á Íslandi.

Ákærða staðfesti nafnspjald konunnar sem framkvæmdi umskurðinn og lögreglan haldlagði við rannsókn málsins. Einnig staðfesti hún lögregluskýrslu sem tekin var af henni við rannsókn málsins

Vitnið, L, faðir brotþola, kvað það hefð hjá sinni fjölskyldu að umskera drengi fyrir tíu ára aldur. Ef það væri ekki gert leiddi það til dauða. Það hafi ekki verið sameiginleg ákvörðun að láta umskera brotþola á þeim tíma sem það var gert. Vitnið kvaðst ekki hafa vitað um tímasetninguna. Hann og ákærða hafi verið búin að ráðgera að láta gera það erlendis, en það hefði ekki gengið. Vitnið kvaðst ekki hafa verið á Íslandi þegar umskurðurinn átti sér stað. Lögreglan hafi haft samband við hann og látið hann vita hvað hafði gerst. Þegar hann kom til landsins tveimur dögum seinna var brotþoli kominn heim af sjúkrahúsinu og leið vel. Vitnið kvaðst hafa búíð á Íslandi síðustu átta ár. Hann tók fram að ákærða væri góð kona og góð móðir. Vitnið hvað brotþola hafa jafnað sig vel. Hann hafi verið farinn að hoppa um þremur dögum eftir spítalavistina og hann sé glaður og kátur strákur bæði heima og í skólanum.

Vitnið staðfesti að hafa gefið skýrslu sem sakborningur á rannsóknarstigi.

Vitnið, lögreglumaður nr. M, kvaðst hafa rannsakað málið í upphafi eftir tilkynningu frá barnavernd. Vitnið kvaðst hafi farið á sjúkrahúsið Akureyrar og hitt ákærðu þar, án þess að taka af henni skýrslu, þar sem henni leið greinlega mjög illa. Hann fékk hins vegar upplýsingar á vettvangi frá henni um konuna sem gerði umskurðinn á brotþola. Nafn hennar reyndist vera F. Markmiðið lögreglunnar hafi verið að hafa upp á henni og stöðva för hennar úr landi. Á grundvelli upplýsinga frá ákærðu beindi hann erindi til Keflavíkurflugvallar með beiðni um að för hennar úr landi yrði stöðvuð. Það gekk ekki eftir. Einnig fékk lögregla heimild hjá héraðsdómi til að skoða hjá íslenskum símafyrirtækjum þrjú erlend símanúmer, sem konan hafði látið ákærðu hafa. Vitnið kvaðst hafa gert frumskýrslu málsins, en kvaðst ekki hafa farið í húsrannsókn á heimili ákærðu 28. september 2022. Hann kvaðst hafa komið að frekari vinnu við að hafa upp á konunni. Með milligöngu Alþjóðadeildar ríkislögreglustjóra hafi verið útbúin verkbeiðni til ítalskra yfirvalda, þar sem óskað var upplýsingum um fyrrgreinda F. Enginn svör bárust hins vegar frá Ítalíu við rannsókn málsins, þrátt fyrir ítrekanir.

Vitnið staðfesti að hafa ritað frumskýrslu í málinu og aðkomuskýrslu.

Vitnið, B, félagsráðgjafi hjá Barnaverndarþjónustu Eyjafjarðar, kvaðst hafa tekið við tilkynningu frá Leikskólanum C, þar sem móðir hafði látið vita um fyrirhugaðan umskurð á brotaþola. Í fyrstu hafi verið kannað hvort brotaþoli ætti pantaðan tíma á sjúkrastofnunum á Akureyri. Það reyndist ekki vera. Farið hafi verið á heimili ákærðu, en þar hafi verið ákærða og brotaþoli. Vitnið kvaðst hafa fengið upplýsingar um að umskurður hafi verið gerður stuttu áður. Vitnið sá ekkert á brotaþola við komu, virtist hress og kátur. Aðkoman í íbúðinni hafi ekki verið góð, mjög vond lykt og lítið um innanstokksmuni. Ákærða hafi sýnt hvar umskurðurinn fór fram inn í stofu. Tæki og tól hafi verið til staðar í sorpi, meðal annars umbúðir og skæri. Vitnið kvaðst ekki hafa séð að íbúðin hafi verið sérstaklega þríf. Vitnið kvaðst hafa ráðlagt að drengurinn færi upp á spítala og var komið þangað um tólf leytid. Ákærða hafi verið óörugg við komu sína á heimilið og hún hafi farið eitthvað seinna á spítalann. Vitnið kvað töluverða bið hafa verið eftir skoðun á brotaþola. Á þeim tíma hafi hann ekki fengið nein verkjalyf og eftir um það bil tvo tíma hafi farið að gráta mikið og farið að blæða úr honum. Upp úr því fékk hann skoðun á bráðadeild.

Vitnið staðfesti gerð dagáls í málsgögnum, sem var unnin að kvöldi eða daginn eftir aðgerðina.

Vitnið, J, þvagræskurðlæknir, kvaðst hafa skoðað brotaþola á bráðadeild SAK ásamt fleiri læknum. Þeim hafi þótt rétt að skoða áverkana í svæfingu, enda mjög erfitt að skoða börn í þessu ástandi án svæfingar. Eftir skoðun í svæfingu kom í ljós að gera þurfti aðgerð á brotaþola. Vitnið kvað K, skurðlækni, hafa verið ábyrgan fyrir aðgerðinni, en að vitnið hafi gert marga þætti aðgerðinni, enda hafi hann haft meiri reynslu á þessu sviði. Brotaþoli hafi verið leiðsludefyður í getnaðarlim með staðdefyfilyfi. Í ljós kom ferskur léttblæðandi yfirborðsáverki, ekki djúpur, eins og eftir umskurð, sem átti eftir að klára með saumum. Aðspurður kvaðst vitnið ekki hafa skoðað brotaþola strax við komu á bráðadeild og því gæti hann ekki staðfest blæðingu á þeirri stundu. Þvagrásin hafi verið heil. Í sárinu hafi verið þráður, eingirni, sem líklega hafði verið notaður til að stöðvar bláæðablæðingu. Hann hafi verið fjarlægður. Brennt hafi verið fyrir allar blæðingar til að stöðva þær. Um hafi verið að ræða bláæðablæðingu, sem ekki hafi verið lífshættuleg í þessu tilviki. Síðan hafi verið saumað saman ytra blað forhúðar upp að innra blaði forhúðar, að því marki, sem það var enn til staðar. Síðan hafi verið búið um sárið og settur þvagleggur til að öryggis fram hjá sárasvæðinu, að minnsta kosti fyrsta sólarhringinn. Aðspurður kvað vitnið hafa heyrt að innra og ytra blað forhúðar væri ekki alltaf saumað saman, en í kennslubókum sem hann hafi kynnt sér væri hins vegar mælt eindregið með að sauma saman blöðin. Aðspurður kvað vitnið að umskurður í heimahúsi fylgdi aukin sýkingarhætta. Einnig kvað hann erfiðar við þær aðstæður að bregðast við óvæntum upptökum.

Aðspurður kvað vitnið ekki vera hægt að segja með vissu hvað hefði gerst ef aðgerðin hefði ekki verið gerð. Í því sambandi nefndi hann helst örmyndun við sárið og í versta falli drep í kringum sárið. Aðspurður taldi vitnið að umskurður og eftirfarandi aðgerð hafi verið töluvert inngríp í líf brotaþola.

Vitnið kvaðst vita að umskurðsaðgerðir í lækningaskyni væri framkvæmdar á Landspítalanum, en slíkar aðgerðir væru ekki gerðar á Akureyri. Aðspurður kvaðst hann ekki vita til að umskurðir væri gerðir hér á landi af menningarlegum ástæðum.

Aðspurður taldi vitnið að umskurðurinn á brotþola hafi verið vel gerður á fyrsta stigi, en tók fram að innra blað forhúðar hafi verið nánast allt fjarlæggt. Hann kvað umskurðinn ekki hafa verið lokið að fullu, þar sem eftir var að sauma sárkantana saman. Aðspurt taldi vitnið að brotþoli ætti ekki að bera skaða eða lýti af þessu inngripi, en tók fram að hann hafi ekki skoðað brotþola eftir aðgerðina. Aðspurður taldi hann að aukin hætta hafi verið á varanlegum skaða eða lýti, ef skurðaðgerðin hefði ekki verið gerð.

Vitnið staðfesti aðgerðarlýsingu og efni hennar, sem hann gerði, dags. 27. september 2022. Aðspurður kvaðst hann þó ekki geta staðfest að ástæða komu brotþola hafi verið töluverð blæðing. Hann kvaðst ekki hafa skoðað brotþola við komu, heldur einhverju seinna á sjúkrahúsinu.

Vitnið, K, skurðlæknir, kvaðst hafa skoðað brotþola á bráðadeild SAK ásamt fleiri læknum, en ekki við komu hans þangað. Laga hafi þurft skurð á getnaðarlim eftir umskurð í heimahúsi. Það hafi verið töluverð blæðing og áverki sem þurfti að laga. Ekki hafi verið um að ræða lífshættulega blæðingu. Vitnið kvaðst hafa verið ábyrgur skurðlæknir við aðgerðina, en J, þvagfæraskurðlæknir, hafi einnig tekið þátt í henni. Vitnið kvaðst hafa skoðaði brotþola í legunni á sjúkrahúsinu og við útskrift, en hann hafi ekki séð brotþola síðan. Aðspurður um áhættu að framkvæma umskurð í heimahúsi nefndi hann sérstaklega blæðingar- og sýkingarhættu. Vitnið taldi ekki nauðsynlegt að gera umskurð á skurðstofu við fullkornustu aðstæður. Hann tók fram að umskurðsaðgerðir færu fram við allar mögulegar aðstæður í heiminum. Vitnið taldi erfitt að meta hvernig málin hefðu þróast, ef ekki hefði verið gripið inn í með skurðaðgerð. Blæðingin hafi vissulega verið virk, en líklega hefði hún stöðvast án aðgerðar. Þetta hafi ekki verið hættuleg blæðing að mati vitnisins við þessar aðstæður. Hann kvað erfitt að spá fyrir um hvernig vefir á lim brotþola hefðu gróið, ef ekki hefði verið gerð aðgerð í kjölfarið. Umskurðurinn hafi verið hálfgerður að mati vitnisins, búið var að skera forhúðina frá, eftir stóð opið sár og húðin laus frá, en almenna reglan sé sú að sauma húðkantinn við rétt neðan við kónginn til festa forhúðina og til að koma í veg fyrir myndun örvefs. Hann tók fram að enginn annar skaði hafi komið í ljós, s.s. hafi þvagrásin verið heil. Vitni taldi að brotþoli hafi ekki verið með mikla verki daginn eftir, en honum fannst óþægilegt að láta skipta um umbúðir á sárinu.

Vitnið tók fram að það vissi ekki um venjur við slíkar aðgerðir sem gerðar væru heimahúsum, svo sem hvort saumað væri eða ekki. Hann kvaðst eingöngu hafa séð ummerki eftir umskurði, sem hefðu verið saumaðir. Aðspurt kvað vitnið umskurð brotþola og eftirfarandi aðgerð hafa verið alvarlegt inngríp í líf hans við þessar aðstæður. Umskurður við bestu aðstæður væri mun minna inngríp. Aðspurður taldi vitnið að umskurðsaðgerðir á drengjum og fullorðnum karlmönnum væru framkvæmdar á Íslandi, en eingöngu af læknisfræðilegum ástæðum. Hann kvaðst hafa starfað við lækningar í Svíþjóð. Þar í landi væri töluvert leitað á bráðamóttöku sjúkrahúsa vegna afleiðinga umskurðsaðgerða, sem væru gerðar utan sjúkrahúsa. Aðspurt kvaðst vitnið að umskurðir af menningarlegum ástæðum væri talsvert

algengir í Svíþjóð. Að litlum hluta væru slíkar aðgerðir gerðar inn á sjúkrahúsum Aðspurður kvaðst vitnið ekki sjálfur gera umskurðsaðgerðir án þess að læknisfræðilegar ástæður lægju fyrir. Aðspurður kvað hann umskurð geta haft afleiðingar, en tók fram að oftast hefðu slíkar aðgerðir ekki neinar afleiðingar og vísaði til þess að slíkar aðgerðir væri gríðarlega algengar í heiminum.

Vitnið staðfesti áverkavottorð og efni þess, sem hann gerði, dags. 4. apríl 2024.

Auk þess gáfu skýrslu fyrir dómi, I, barnalæknir og H, hjúkrunarfræðingur.

Niðurstaða

Ákærðu í máli þessu er gefið að sök sérstaklega hættuleg líkamsárás, brot í nánu sambandi og brot gegn barnaverndarlögum með því að hafa þriðjudagsins 27. október 2022, á þáverandi heimili sínu að [...], Akureyri, fengið óþekkta konu til að skera forhúð af getnaðarlim ólögráða sonar síns, brotþola, í málinu. Samkvæmt ákærunni urðu afleiðingar háttseminnar þær að leitað var með brotþola á sjúkrahúsið á Akureyri sama dag. Hann hafi dvalist þar í tvo daga eftir að hafa þurft að gangast undir svæfingu og skurðaðgerð. Í ákæru er jafnframt tilgreint að ákærða hafi með þessari háttsemi ógnað lífi og velferð brotþola á sérstaklega sársaukafullan og meiðandi hátt. Í ákæru er þessi háttsemi talin varða við 2. mgr. 218. gr. og 1., sbr. 2. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 98. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2022.

Samkvæmt 108. gr., 109. og 111. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 hvílir sönnunarbyrði á ákæruvaldinu um sekt ákærðu og atvik, sem telja má henni í óhag. Dómari metur hverju sinni hvort nægileg sönnun liggja fyrir, sem ekki verður vefengd með skynsamlegum rökum, um hvert það atriði sem varðar sekt og ákvörðun viðurlaga við broti. Dómur skal jafnan reistur á sönnunargögnum sem færð eru fram við meðferð máls fyrir dómi.

Óumdeilt er í málinu að ákærða fékk erlenda konu til að koma til landsins gegn gjaldi til að umskera son sinn, brotþola. Óumdeilt er að ákærða fór með forsjá sonar síns þegar umskurðurinn fór fram og að faðir hans var samþykkur að hann yrði umskorinn. Samkvæmt framburði föðurins hjá lögreglu sem hann staðfesti fyrir dómi voru hann og ákærða búin að ákveða að umskera brotþola, þótt hann vissi ekki fyrir fram af aðgerðinni þann 27. september 2022. Á þeim tíma var hann staddur í útlöndum. Ákærða hefur frá upphafi rannsóknar haldið því fram að hún hafi hvorki séð umskurðinn né haft nein áhrif á framkvæmd hans, enda hafi hún talið að viðkomandi kona væri sérfræðingur á þessu sviði. Ekkert í málinu varpar ljósi á að ákærða hafi gefið konunni fyrirsmæli um framkvæmd umskurðarins. Verður sú staðreynd lögð til grundvallar við úrlausn málsins. Ákærða kveðst hafa treyst konunni til verksins á grundvelli þeirra upplýsinga sem hún hafi aflað fyrir aðgerðina. Viðkomandi kona kynnti sig sem sérfræðing „specialist“ á þessu sviði, einnig hjúkrunarfræðing „nurse“ og eins og kemur fram á framlögðu nafnspjaldi hennar. Ekkert liggur fyrir í málinu sem sannar raunverulega færni konunnar til þessa verks og ber ákæruvaldið hallan af því. Ekki er nægileg sönnun fram komin í málinu, sem ekki verði vefengd með skynsamlegum rökum, að konan sem framkvæmdi umskurðinn hafi verið óhæf til þess og það hafi átt að vera ákærðu ljóst.

Það er alkunna að umskurður ungra drengja er algengur víða um heim og hefur svo verið um langan aldur. Umskurður eru stundum framkvæmdur af læknisfræðilegum ástæðum, en einnig mjög oft af trúarlegum sjónarmiðum og öðrum samfélagshefðum. Í þessu sambandi er vísað til ummæla vitnisins K, skurðlæknis. Ákærða er með [...] ríkisfang og kom til Íslands árið 2020. Fyrir dómi kvaðst hún vera kristin og hefði vanist því að drengir væri umskornir. Barnsfaðir hennar er einnig með [...] ríkisfang. Fyrir lögreglu og fyrir dómi lýsti hann því að það væri sterk hefð fyrir því í hans fjölskyldu að umskera drengi fyrir tíu ára aldur. Ef það væri ekki gert myndu þeir deyja. Umskurður drengja er ekki bannaður á Íslandi, andstætt líkamsárás gagnvart kynfærum stúlkna og kvenna, samanber 218. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. l. 83/2005, 3. gr. og l. 153/2020, 7. gr. Ákærða bar fyrir lögreglu og fyrir dómi að hún hafi verið í góðri trú að láta umskera brotþola og eingöngu haft í huga velferð hans. Einnig kom fram hjá ákærðu að hún hafi haldið að umskurður drengja væri ekki bannaður hér á landi, þótt ekki væri hægt að fá slíkt gert á sjúkrastofnunum á Akureyri. Í málinu er óumdeilt að ákærða skýrði frá fyrirhuguðum umskurði á leiksóla brotþola, áður en hann fór fram.

Um afleiðingar háttsemi, sem er lýst í ákæru er látið við það sitja að tilgreina að leitað hafi verið með brotþola á sjúkrahúsið á Akureyri, án þess að greina nánar frá heilsufarsástandi hans á þeirri stundu þegar ákveðið var að leita á bráðadeild SAK. Til viðbótar er tilgreint í ákæru um afleiðingar að brotþoli hafi gengist undir svæfingu og skurðaðgerð og dvalist á sjúkrahúsinu í tvo daga og auk þess án frekari skýringa að háttsemi ákærðu hafi ógnað lífi og velferð brotþola á sérstaklega sársaukafullan og meiðandi hátt.

Ekki verður séð af gögnum málsins að brún heilsufarsleg nauðsyn hafi verið ástæða þess að farið var með brotþola á bráðadeild SAK þennan dag. Sjá einkum vitnisburð B, sem taldi rétt af öryggisástæðum að láta skoða brotþola á sjúkrahúsi. Af vitnisburði læknanna J og K má ráða að umskurði brotþola hafi að þeirra mati ekki verið lokið þegar þeir skoðuðu brotþola, en töldu hann þó ekki að hann hafi verið í lífshættu. Þeir töldu hins vegar nauðsynlegt að sauma saman hringsár á forhúð meðal annars til að stuðla að réttum gróanda og til að hindra myndun örvefja. Vitnið K kvaðst vita til þess eftir starfsreynslu í Svíþjóð að umskurðir utan spítala væri stundum gerðir án þess sauma forhúðarvefi saman. Dómurinn telur ekki sannað að ákærða hafi ógnað lífi og velferð brotþola með háttsemi sinni, með því að heimila umskurð á brotþola, enda eru slíkar aðgerðir tíðkaðar víða um lönd án þess að læknisfræðileg þörf liggi fyrir. Ákærða kom ekkert að framkvæmd umskurðarins, enda fékk hún til verksins konu, sérfræðing, sem hún treysti til verksins, eins og áður greinir.

Með hliðsjón af framangreindu þykir háttsemi ákærðu ekki samrýmast verknaðarlýsingu í ákæru, að það hafi verið hættuleg líkamsárás að fá óþekkta konu til að skera forhúð af getnaðarlim brotþola eða með öðrum orðum umskera hann. Með sama hætti þykir dómnum að ákæruvaldinu hafi ekki tekist að sanna ákærða hafi ógnað lífi og velferð brotþola með háttsemi sinni, með því að heimila umskurð á brotþola. Við mat á huglægum þáttum ákærðu við háttsemina ber að líta heilstætt á framangreint að virtri meginreglu 108. gr. laga um meðferð sakamála. Varhugavert er að telja fram komna fulla sönnun þess að ákærða hafi með ásetningi eða gáleysi komið því til leiðar með hættulegri líkamsárás að brotþoli var umskorinn. Einnig er varhugavert að telja fram komna fulla sönnun þess að um hafi verið að

ræða gáleysi ákærðu til meintra afleiðinga verknaðarins, enda eru slíkar aðgerðir tíðkaðar víða um lönd án þess að læknisfræðileg þörf liggi fyrir, eins og áður greinir.

Ber því að sýkna ákærðu af öllum kröfum ákæruvaldsins.

Samkvæmt 2. mgr. 176. gr. laga meðferð sakamála verður einkaréttarkröfu A vísað frá dómi.

Allur sakarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, samkvæmt 2. mgr. 235. gr. laga um meðferð sakamála, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu á rannsóknarsigi og fyrir dómi og þóknun skipaðs réttargæslumanns brotþola, hvoru tveggja að teknu tilliti til virðisaukaskatts, eins og nánar segir í dómsorði.

Ingvar Þóroddsson, settur héraðsdómari, kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærða, X, er sýkn af kröfum ákæruvaldsins.

Kröfu A er vísað frá héraðsdómi.

Allur sakarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, Friðriks Smárásonar, lögmanns, 2.444.040 krónur og þóknun skipaðs réttargæslumanns brotþola, Áslaugar Láru Lárusdóttur, lögmanns, 1.045.250 krónur, auk ferðakostnaðar hennar, 49.200 krónur.